

Mánudaginn 7. október 1974.

Nr. 19/1974: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Kristjáni Ólafssyni

og **Karli Björnssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr
og Björn Sveinbjörnsson.**

Líkamsárás. Brot gegn 231. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu gekk hinn 26. maí 1972. Dómurinn var birtur 23. ágúst s. á. Verjandi hinna ákærðu sendi héraðsdómara ábyrgðar- og hraðbréf hinn 6. september s. á. og óskaði áfrýjunar málsins vegna skjólstæðinga sinna. Héraðsdómurinn sendi þó saksóknara ríkisins dómsgerðirnar í málinu með bréfi 4. október s. á. án þess að geta um áfrýjunarbeiðnina. Saksóknari ákvað hinn 1. nóvember s. á. að áfrýja ekki málinu, en honum var þá ókunnugt um, að ákærðu hefðu þegar óskað áfrýjunar. Dómsmálaráðuneytið lagði að svo vöxnu máli fyrir yfirsakadómara að fullnægja dóminum. Tæpu ári síðar, hinn 18. október 1973, ritaði verjandi ákærðu saksóknara, skýrði honum frá bréfi sínu 6. september 1972 til héraðsdómara og sendi honum ljósrit af bréfinu og af póstkvittun. Með bréfi 1. nóvember 1973 framsendi saksóknari greint bréf verjanda til yfirsakadómara og lýsti því, að hann hefði hug á að áfrýja málinu, og óskaði eftir því, að dómsmálaráðuneyti yrðu sendar dómsgerðir af nýju, en dóminum hafði eigi verið fullnægt. Felldi dómsmálaráðuneyti nú niður fyrirmæli sín um fullnustu dómsins og sendi saksóknara ríkisins dómsgerðirnar með bréfi 7. nóvember 1973. Áfrýjunarstefna saksóknara var síðan gefin út 9. janúar 1974 og birt 23. s. m. Var þar krafist þyngingar refsingar ákærðu og að þeim yrði dæmt að greiða sakarkostnað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur áfrýjun málsins farið aflaga. Stafar það af því, að héraðsdómariinn gætti þess ekki, að ákærðu höfðu óskað eftir áfrýjun málsins, er hann sendi dómsgerðir til saksóknara samkvæmt 3. málgr. 177. gr. laga nr. 82/1961, er þá voru í gildi, sbr. nú sömu grein laga nr. 74/1974. Leiddi þetta til þess, að málinu var ekki áfrýjað af hálfu saksóknara ríkisins, fyrr en löngu eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn, sbr. 2. málgr. 179. gr. laga nr. 82/1961, sbr. nú sömu grein laga nr. 74/1974. Þessi afbrigði frá réttum lagareglum varna því eigi, að málið verði dæmt í Hæstarétti að kröfu ákærðu, en hins vegar ber að vísa frá kröfu ákærvalds um þyngingu viðurlaga, sbr. 176. gr. og 2. málgr. 179. gr. laga nr. 82/1961 og nú laga nr. 74/1974. Kröfu ákærvalds um, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar, þykir mega dæma í Hæstarétti, sbr. 176. gr. nefndra laga.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærðu hafi unnið til refsingar samkvæmt 217. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin 5.000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist varðhaldi 3 daga, ef sekt er eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um fébótagreiðslu ákærðu til Haralds Guðmundar Benediktssonar svo og um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærðu óskipt til greiðslu sakarkostnaðar fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og laun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Jón Kristján Ólafsson og Karl Björnsson, sæti hvor um sig 5.000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist varðhaldi 3 daga, ef sekt verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um fébótagreiðslu ákærðu til Haralds Guðmundar Benediktssonar svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt sakarkostnað fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og laun skipaðs verjanda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1972.

Ár 1972, föstudaginn 26. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 202—203/1972: Ákærvaldið gegn Jóni Kristjáni Ólafssyni og Karli Björnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 11. desember 1970, gegn ákærða Jóni Kristjáni Ólafssyni trésmið, Lönguhlíð 13, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 21. desember 1947, og Karli Björnssyni trésmið, Eyjabakka 12, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 29. febrúar 1948, „fyrir húsbrot og líkamsárás með því að hafa mánudaginn 31. ágúst 1970 ruðst í heimildarleysi inn á efri hæð hússins nr. 17 við Urðarveg á Ísafirði og lagt þar hendur á húsráðandann, Harald Guðmund Benediktsson, sem við það hlaut nokkur meiðsli á hægri framhandlegg og hönd, auk þess sem ákærðu unnu nokkur spjöll á dyrabúnaði hússins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns Kristjáns hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1965 7/12 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 19. gr. umferðarlaga.
- 1969 31/1 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1969 21/4 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 1. og 7. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs.
- 1969 2/8 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Karls hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1965 20/8 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.
 1966 4/8 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 31. ágúst 1970, klukkan 1530, barst lögreglunni á Ísafirði beiðni um aðstoð frá Urðarvegi 17 þar í bæ. Lögreglan fór á staðinn og hafði tal af eiganda hússins, Haraldi Guðmundi Benediktssyni lögreglumanni, er kvað ákærðu hafa brotist inn í húsið og ráðist á sig og í þeim átökum hefði jakki hans rifnað, festi á armbandsúri slitnað og hann hlotið blóðrisa skrámur á hendur. Ákærðu kváðust hafa brotist inn í húsið á þeim forsendum, að þeir hefðu átt þar inni verkfæri og Haraldur ekki haft leyfi til að loka þau inni fyrir þeim. Haraldur kvaðst hins vegar hafa lokað húsinu vegna óuppgerðra viðskipta við atvinnurekanda ákærðu, sem haft hefði bækistöð í húsi hans.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Atla Dagbjartssonar lækni varðandi áverka þá, er Haraldur Guðmundur Benediktsson hlaut greint sinn. Segir m. a. svo í vottorðinu, sem dagsett er 1. september 1970: „ — — — Aftanvert og ofan til á hægri framhandlegg var fleiður og undir því mar og nokkur bólga. Yfir neðri enda alnar var rispuð húð og blæddi nokkuð úr sárinu. Yfir fyrstu kjúkum 4. og 5. fingurs aftanverðum voru fleiður og blóð í fleiðrunum. Dálitlar hreyfingarhindranir voru í úlnlið vegna áður-nefnds mars ofarlega á framhandlegg. — —“

Ákærði Jón Kristján skýrði svo frá fyrir dómi, að Haraldur Benediktsson hefði ekki viljað hleypa þeim ákærðu inn í geymslu þá, sem atvinnurekandi þeirra hefði haft til afnota í húsi hans, en geymsla þessi hefði jafnframt verið nýtt sem kaffistofa. Ákærði játaði að hafa ýtt upp hurðinni að geymslunni, stjakað Haraldi Benediktssyni frá til að komast inn og af þeim sökum átt í átökum við hann.

Ákærði Karl kvað þá ákærðu hafa viljað ná í eigur sínar, verkfæri o. fl., sem geymdar voru í húsi Haralds Benediktssonar, geymslan verið lokað, þeir beiði Harald um að opna, en hann ekki sinnt því og einnig neitað að rétta þeim út um glugga það, sem þeir töldu sig eiga þarna. Hefðu þeir þá ýtt upp hurðinni, sem sennilega hefði verið fyllt með nöglum að innan, farið inn og þá

lent í rýskingum við Harald Benediktsson og mætti vera, að jakki hans hefði af þeim sökum rifnað, úrfesti slitnað og hann orðið blóðrisa á höndum, en sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa skaðast í átökunum.

Haraldur Benediktsson lögreglumaður, Urðarvegi 17, Ísafirði, kvað atvinnurekanda ákærðu hafa haft afnot af rými í húsi hans að Urðarvegi 17, samkomulag ekki náðst um leigukjör og hann því tilkynnt atvinnurekandanum mánudaginn 31. ágúst 1970, að húsrýmið yrði ekki opið honum til afnota, fyrr en einhver lausn fengist á leigumála. Klukkan um 1530 kvaðst Haraldur hafa farið í nefnt húsrými og rétt út um glugga kaffidót og fatnað, svo sem um var beðið. Litlu síðar hefði verið kallað og hann beðinn um að opna húsið, en hann svarað, að þyrfti einhvers frekar við, bæri starfsmönnum að snúa sér til verkstjóra síns. Hefði síðan litlum togum skipt, að hafin voru spörk í útidyr (sic), þær brotnar upp, ákærðu ruðst inn og umsvifalaust ráðist að honum og beitt hann líkamlegu ofbeldi. Kona hans hefði hringt á lögreglu og hún komið litlu síðar og handtekið ákærðu.

Vitnið Kjartan Brynjólfsson verkamaður, Fjarðarstræti 32, Ísafirði, kvaðst hafa starfað hjá sama vinnuveitanda og ákærðu, þeir allir komið að kaffistofunni í húsi Haralds Benediktssonar klukkan um 1530 nefndan dag, hún verið lokuð, en Haraldur verið innandyra og rétt þeim út um gluggann allt kaffidót, sem þar var. Þeir ákærðu hefðu síðan heimtað verkfæri sín og skjólflíkur, en Haraldur neitað að opna og vísað þeim á að tala við verkstjóra sinn. Engum togum hefði síðan skipt, að ákærðu spörkuðu upp hurðinni, ruddust inn og hrintu Haraldí frá, en síðan hefði komið til einhverra átaka milli þeirra, vitnið spurt, hvort þeir ætluðu virkilega að ráðast á manninn og þá ekki orðið úr frekari sviptingum. Vitnið sagði, að viðstödd hefðu verið barnshafandi mágkona Haralds og lítill sonur hans og hefði því blöskrað þessar aðfarir þeirra vegna.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður með hliðsjón af framburði ákærðu sjálfra, vættum vitna, læknisvottorði og öðrum gögnum málsins talið nægilega sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru og þar rétt færð til refsíákvæði, enda hefur Haraldur Benediktsson krafist þess, að þeim yrði refsað, og ekki litið svo á, að þeir hafi, eins og á stóð, mátt löglega brjótast inn í geymsluna, þótt þeir ættu þar muni. Þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin varðhald 15 daga, en eftir atvikum og er til þess er litið, að ákærðu hafa ekki

gerst sekir um hegningarlagabrot áður, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Haraldur Benediktsson hefur krafist skaðabóta úr höndum ákærðu að fjárhæð kr. 21.100.00, er hann sundurliðar þannig:

1. Vegna læknisvottorðs	kr.	500.00
2. Vegna skemmda á jakka	—	200.00
3. Vegna skemmda á armbandsúri	—	400.00
4. Miskabætur	—	20.000.00

Ákærðu hafa samþykkt 1.—3. kröfulið, en neitað miskabótum. Rétt þykir, að ákærðu greiði in solidum Haraldi Benediktssyni skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 6.100.00.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra beggja, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Kristján Ólafsson og Karl Björnsson sæti hvor um sig varðhaldi 15 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Haraldi Guðmundi Benediktssyni, Urðarvegi 17, Ísafirði, kr. 6.100.00.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.